

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1995

20. febrúar 1995

233

Nr. 103

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 508,
16. september 1994, um friðunarsvæði við Ísland,
sbr. reglugerð nr. 629, 9. desember 1994.

1. gr.

Í 1. gr. breytist 8. tl. sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 629, 9. desember 1994, jafnframt bætast við greinina þrjár nýir tölulíðir. Þessir tölulíðir orðast svo:

8. Á Papagrunni á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'00 N - 14°05'00 V
2. 64°00'00 N - 13°53'00 V
3. 63°53'00 N - 13°47'80 V
4. 63°52'50 N - 13°51'40 V

9. Í Skeiðarárdýpi á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°31'00 N - 16°45'00 V
2. 63°21'20 N - 16°36'00 V
3. 63°19'60 N - 16°46'00 V

10. Í Breiðamerkurdýpi á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°32'00 N - 15°26'00 V
2. 63°29'80 N - 15°22'50 V
3. 63°28'20 N - 15°29'50 V
4. 63°28'00 N - 15°41'00 V
5. 63°29'70 N - 15°36'50 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

11. Í Hornafjarðardýpi á svæði, er markast af línun, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°40'00 N - 14°48'30 V
2. 63°41'00 N - 14°43'50 V
3. 63°37'70 N - 14°38'80 V
4. 63°37'00 N - 14°47'00 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. febrúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.